

Skákæfingar barna í TR – fyrirkomulag og nýjungar á vorönninni 2013!



Taflfélag Reykjavíkur heldur sem kunnugt er, úti umfangsmiklu, öflugu og metnaðarfullu skákstarfi barna og unglunga. Skákstarfið byggir á sterkri hefð í TR, en er þó stöðugt í mótun.

Frá og með 2. febrúar nk. ætlum við að gera nokkrar breytingar á Laugardagsæfingunum. Við munum þá bæta í, með því að hafa meiri kennslu, markvissari æfingar og meiri skákþjálfun fyrir þau börn sem eru félagsmenn í Taflfélagi Reykjavíkur. Markmiðið með þessum breytingum er að auka á gæði skákæfinganna og gera þær fjölbreyttari og vonandi enn skemmtilegri en þær sem nú þegar eru fyrir krakkana. Skákæfingar TR verða eftir sem áður opnar öllum börnum, en meiri áhersla verður lögð á að auka starfið fyrir félagsmenn TR og þar með styrkja markvisst innviði félagsins í barna- og unglungastarfinu.

Fyrirkomulagið frá og með laugardeginum 2. febrúar og fram á vor verður með eftirfarandi hætti:

1) Opnar Laugardagsæfingar kl. 14-15.15 fyrir öll börn fædd 2000 og síðar.

Fyrri hluti Laugardagsæfinganna frá kl.14–15 verða opnar öllum börnum sem eru fædd 2000 og síðar, hvort sem þau eru félagsmenn í TR eða ekki. Á þessum tíma verður teft æfingamót með 5 mín. umhugsunartíma. Kl.15 verður hressing að venju og kl. 15.15 er skákæfingunni lokið fyrir þau sem ekki eru félagsmenn í TR.

2) Skákæfingar fyrir þau börn sem eru félagsmenn í TR fædd 2000 og síðar kl. 14-16.

TR-krakkarnir tefla æfingamótið í fyrri hlutanum og halda svo áfram í seinni hluta Laugardagsæfingarinnar sem er frá kl. 15.15 – 16.00. Þetta er í raun önnur æfing með öðru sniði. Um er að ræða félagsæfingu Taflfélags Reykjavíkur. Í þessum seinni hluta verður farið yfir helstu grunnatriðin í skák á skemmtilegan hátt með dæmum og þrautum. Farið verður yfir taktískar aðgerðir svo sem leppanir, fráskákir, og gafflanir auk þess sem ýmis mátstef og fórnarmótíf verða tekin fyrir. Með þessari æfingu viljum við efla kennsluhlutann og gefa krökkunum betri innsýn inn í töfraheim skáklistarinnar. Við í Taflfélagi Reykjavíkur erum sannfærð um að slíkt muni auka áhugann enn meir, og hraða framförum hópsins.

3) Námsefnið sem m.a. er stuðst við er nýkomið út.

TR-ingurinn, stjórnarmaðurinn og skákþabbinn Björn Jónsson tók saman þetta námsefni. Mjög mikil vinna hefur verið lögð í að gera það sem best úr garði og trúlega er um að ræða eitt vandaðasta og yfirgripsmesta efni sem gefið hefur verið út fyrir börn og unglunga hér á landi. Öll börnin sem sækja þessar félagsæfingar TR fá efnið gefins. Alls er um 20 hefti að ræða, með fjöldann allan af dæmum, skýringarmyndum og þrautum. Við í TR erum þess fullviss að þetta efni eigi eftir að hitta í mark, auka skákánægju krakanna og lyfta æfingunum og kennslunni á nýjan stall.



4) Skákhópar TR fyrir börn og unglinga eru fjórir og allir skákþjálfararnir eru félagsmenn í TR.

Torfi Leósson og Daði Ómarsson sjá um Afrekshópinn tvisvar í viku. Matthías Pétursson kemur inn sem nýr skákþjálfari á Laugardagsæfingunum. Sigurlaug Regína Friðþjófsdóttir formaður TR er skákþjálfari á skákæfingum stelpna/kvenna á laugardögum kl. 12.30-13.45.

Að framansögðu má vera ljóst að TR býður eftir sem áður upp á skemmtilegt skákstarf barna og unglinga í taflheimili félagsins, Faxafeni 12. Skákæfingar stelpna/kvenna kl 12.30 og skákæfingarnar kl.14 – 15.15 eru opnar fyrir alla eins og getið er hér að ofan. Skákæfingarnar fyrir afrekshópinn og seinni hluti Laugardagsæfinganna, kl. 15.15-16 eru einungis fyrir félagsmenn TR.

Næstu skákæfingar:

Laugard. 2. febrúar kl. 12.30 – 13.45. Stelpur/Konur

Laugard. 2. febrúar kl. 14.-15.15 Börn fædd 2000 og síðar (opin æfing)

Laugard. 2. febrúar kl. 14-16 Félagsmenn í TR (börn fædd 2000 og síðar)

Verið velkomin að koma á skákæfingar í TR og gerast félagar í TR!

Sendi má fyrirspurnir eða óska eftir félagsaðild á netfanginu: tafffelag@tafffelag.is

Engin félagsgjöld fyrir 15 ára og yngri.

Heimasíða TR: www.tafffelag.is

Með von um góðar undirtektir!

Stjórn Tafffélags Reykjavíkur

